

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps 2.3.2015 kl. 15:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný B. Reynisdóttir (staðgengill Geirs Sigurpáls Hlöðverssonar, Alcoa Fjarðaál), Else Möller (Austurbrú), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Guðmundur Elíasson (staðgengill Páls Björgvins Guðmundssonar, Fjarðabyggð), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Á fundinn vantaði Fríðu Björgu Eðvarðsdóttur (Landvernd)

Dagskrá:

1. Ársfundur Sjálfbærniverkefnisins
2. Önnur mál

1.

- Samþykkt að biðja Jón Skafta Gestsson, hagfræðing hjá Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar að vera gestafyrirlesara á ársfundi, en hann skoðaði fyrr í vetur efnahagsvísa verkefnisins.
- Samþykkt að kanna hvort hægt er að fá innlegg frá fjármálasérfræðingi sveitarfélags á Austurlandi sem fulltrúa hagsmunaaðila á svæðinu.
- ÁÓ og DBR kanna hjá sínum fyrirtækjum hve mikinn tíma þau þurfa fyrir sína framsögu.

DBR vék af fundi.

- Umræða um málefni sem fyrirtækin vilja koma á framfæri á fundinum
- Fundurinn verður auglýstur í samráði við samskiptasvið Landsvirkjunar og upplýsingafulltrúa Alcoa Fjarðaáls

2.

- GE tilkynnti að Marinó Stefánsson yrði fulltrúi Fjarðabyggðar í stýrihóp frá og með næsta stýrihópsfundi í stað Páls Björgvins Guðmundssonar
- Ágætlega gengur að innheimta niðurstöður ársins 2014 og er uppfærsla á vísunum í fullum gangi.
- Ábending barst frá ábyrgðarmanni vísa um að eðlilegra væri að nota orðið „Framvindu“ en „Niðurstöður“ um framvindu vöktunarinnar. Samþykkt að skipta um þar sem það á við.
- Næsti símafundur stýrihóps áætlaður 23. mars kl. 15:00

Fundi slitið kl. 15:30

SV 05.03.2015